

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna,
nr. 148 1. mars 2000, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 5. gr., sbr. reglugerð nr. 837 26. október 2001, orðist svo:

Draga skal vikulega og eigi sjaldnar en fjórum sinnum í mánuði í hverjum flokki, en þó ekki oftari en 52 sinnum á happdrættisárinu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 53 25. maí 1976, lög nr. 24 26. mars 1987 og lög nr. 21 17. apríl 1997, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. mars 2003.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanneý Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013,
breyting vatnsverndar í vesturhluta bæjarins; Kjarrheiði og Valsheiði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin tekur til vesturhluta Hveragerðisbæjar og felst í að aflétta vatnsvernd á svæði 1, 2 og 3; hringtorgi verði komið fyrir þar sem Kambahraun/Heiðmörk, Þelamörk og nýir vegir að fyrirhugaðri byggð skerast; verslunar- og þjónustusvæði við Þelamörk flyst úr austur- í vesturenda íbúðarbyggðar við Þelamörk, sem minnkar vegna stækkunar útivistarsvæðis í vesturenda þess og bætt er við útivistarsvæði vestan íbúðarbyggðar við Arnarheiði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.